


14.06.2019

HAGSTJÓRN Í NIÐURSVEIFLU

HÆTTA Á DÝPRI OG LENGRI EFNAHAGSSAMDRÆTTI EN SPÁR SEGJA TIL UM

Líkur eru á því að samdrátturinn í efnahagslífinu verði dýpri og meira langvarandi en nýlegar efnahagsspár hljóða upp á. Seðlabankinn og Hagstofa Íslands reikna með því að samdrátturinn verði um 0,2-0,4% í ár en að hagvöxtur verði kominn í 2,4-2,6% strax á næsta ári. Samtök iðnaðarins telja hættu á því að efnahagssamdrátturinn verði meiri í ár og hagvöxturinn minni á næsta ári en gert er ráð fyrir í þessum spám.



Samdrátturinn í efnahagslífinu mun reyna umtalsvert á fyrirtæki og heimili. Þess sjást þegar merki en atvinnuleysi er búið að aukast umtalsvert undanfarið - mældist 3,7% í apríl samanborið við 2,3% í sama mánuði í fyrra. Mjög líttill hagvöxtur mældist á fyrsta fjórðungi þessa árs en líkur eru á því að samdráttur hafi verið talverður á öðrum ársfjórðungi. Tölur berast nú af umtalsverðum samdrætti í fjölda ferðamanna en í maí voru erlendir ferðamenn 24% færri en í maí í fyrra. Hljóðar spá Isavia upp á að fjöldi erlendra farþega til Íslands muni fækka um 17% á milli 2018 og 2019.


VIÐAMIKIL ÁSKORUN EN VIÐNÁMSÞRÓTTUR MIKILL

Viðnámsþróttur efnahagslífisins til að mæta niðursveiflu er talsverður. Má í því sambandi benda á öflugan gjaldeyrisforða Seðlabankans, afgang af viðskiptum við útlönd og jákvæða erlenda stöðu þjóðarbúsins sem var um 21% af landsframleiðslu í lok fyrsta árfjórðungs í ár skv. nýlegum tölum Seðlabankans. Eiginfjárstaða heimilanna hefur styrkst mikið í nýliðinni uppsveiflu og hefur skuldastaða þeirra að sama skapi batnað. Einnig er fjárhagsstaða ríkissjóðs nokkuð sterk í alþjóðlegum samanburði sem gefur svigrúm til að milda efnahagsleg áhrif þess samdráttar sem vofir yfir með hagstjórnaðgerðum á sviði opinberra fjármála í samspili við stjórn peningamála. Íslenska hagkerfið stendur engu að síður frammi fyrir viðamiklum áskorunum á sviði efnahagsmála. Verkefnið nú er að nýta hagstjórntækni til að tryggja mjúka lendingu hagkerfisins og undirbyggja hagvöxt til lengri tíma.

TILEFNI TIL AÐ LÆKKA STÝRIVEXTI FREKAR

Peningastefnunefndin hóf vaxtalækkunarferli með lækkun stýrivaxta bankans 22. maí sl. um 0,5 prósentur. Stýrivextir bankans höfðu þá verið óbreyttir frá því að nefndin ákvað að hækka þá um 0,25 prósentur í byrjun nóvember 2018. Rökin fyrir lækkuninni voru m.a. að hagvaxtarhorfur hafi breyst verulega til hins verra. Í spá bankans sem birt var samhliða ákvörðuninni er í stað hagvaxtar reiknað með samdrætti í hagkerfinu í ár. Einnig bendir nefndin á í rökstuðningi sínum að verðbólguvæntingar hafi lækkað m.a. vegna þess að niðurstöður kjarasamninga voru í betra samræmi við verðbólguþéttmið en margir bjuggust við. Benti nefndin á að verðbólguvæntingar til lengri tíma væru komnar undir 3%.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands (%)



Til að hjálpa fyrirtækjum og heimilum að takast á við samdrátt í efnahagslífinu telja Samtök iðnaðarins mikilvægt að peningastefnunefndin lækki stýrivexti Seðlabankans frekar. Með lægri vöxtum má m.a. efla fjárfestingu og nýsköpun, auka kaupmátt heimilanna og draga úr atvinnuleysi. Verðbólgan er að hjaðna, verðbólguhorfur hafa batnað og verðbólguvæntingar hafa verið að lækka og stefna í markmið Seðlabankans. Langtímaverðbólguvæntingar á markaði eru nú rétt við verðbólguþéttmið. Þetta gefur peningastefnunni töluvert svigrúm til að milda þá niðursveiflu sem nú er hafin. Raunstýrivextir eru mjög háir og taumhald peningastefnunnar of þétt m.v. stöðu og horfur í efnahagsmálum. Næsta vaxtaákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans verður kynnt 26. júní nk. og er full ástæða til þess að halda vaxtalækkunarferlinu áfram þá.

AÐSTÆÐUR KALLA Á AÐ RÍKISSJÓÐUR SÉ REKINN MEÐ HALLA

Hagstjórn er samstarfsverkefni Seðlabanka, ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Í því sambandi er tillaga um breytingu á fjármálastefnu ríkisstjórnar nú til umræðu á Alþingi. Byggir tillagan á þjóðhagsspá Hagstofunnar og er því líkt og sú síðasta grundvölluð á of bjartsýnni spá. Þetta er áhyggjuefni því það eykur líkur á að ríkisfjármálunum verði ekki beitt sem skyldi til þess að verja heimili og fyrirtæki fyrir efnahagssamdrættinum.

Tækin til að mæta efnahagsframvindunni innan opinberra fjármála eru nokkur. Í því sambandi er mikilvægt að fjármálastefnan og fjármálaáætlunin sem á stefnunni byggir endurspeglir þá meginþætti sem líklegastir eru til að efla samkeppnishæfni Íslands um þessar mundir og undirbyggja þar með bætt lífskjör landsmanna lítið til framtíðar.¹

¹ https://www.si.is/media/_eplca-uppsetning/Umsogn-SI-um-breytingu-a-fjarmalastefnu-2018-2022-07.06.2019-.pdf

Efnahagsaðstæður og -horfur eru með þeim hætti að rétt er að reka ríkissjóð með halla. Nú er rétti tíminn til að draga úr álögum á atvinnulífið, t.d. með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta og auka við framlög til samgöngumála, nýsköpunar og menntunar svo dæmi sé tekið. Staða efnahagsmála kallar á skýra stefnu, fumlause framkvæmd og markvissa eftirfylgni ríkisvaldsins á þessum sviðum. Með þeim hætti má kalla fram raunverulegar umbætur, milda niðursveifluna og leggja grunn að auknum lífsgæðum íbúa lítið til lengri tíma.

Fjármálastefna, breyting frá fyrra afkomumarkmiði hins opinbera, % af VLF

